

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um prestakallalán handa 55**  
**Eyðalaprestakalli.** 27. júní

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 15. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að presturinn að Eyðölum, sjera Þorsteinn Þórarinsson, taki uppá prestakallið 3000 kr. embættislán, sem endurborgist á 25 árum annaðhvort með jöfnum afborgunum eða venjulegum veðdeildarlánskjörum, til þess að koma upp á prestssetrinu íbúðarhúsi úr tímri 14 álna löngu og 12 álna breiðu, einlyftu með 2 álna háu porti og kvisti, með steinlindum kjallara undir því öllu, og að öðru leyti með þeim útbúnaði og herbergjaskipun, sem ræðir um í nefndu brjefi yðar, gegn því að niður falli baðstofa, göng, búr, eldhús, útielldhús, skemma, smiðja, bæjardyr og húsa-garður, sem nú fylgja staðnum.

Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að presturinn haldi húsinu í brunavátryggingu fyrir 5000 kr. að minsta kosti undir eftirliti prófests, að presturinn eða bú hans skili því á sínum tíma sem öðru jarðarhúsi í gildu standi eða með fullu álagi, og að eigi verði tekið meira en helmingur af láninu fyr en húsið er fullgjört og sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje í áskildu standi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

## Auglýsing

56  
25. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á

### heilbrigðissamþykkt fyrir Hvammshrepp í Skaftafellssýslu.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitafjelög er hjer með staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hvamms-hrepp í Vesturskaftafellssýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

#### I. Almenn dkwæði.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Hvammshrepp.

##### 2. gr.

Sýslumaðurinn er formaður heilbrigðisnefndarinnar meðan hann er í hreppnum, eða hreppstjórinn í hans stað. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kýs, og einn maður, er sýslunefndin kýs. Kosning gildir til þriggja ára.